

Umsögn um tillögur til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028

Verkefnastjórar menningarmála hjá landshlutasamtökum fagna aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028 frá forsætisráðherra í samráðsgátt stjórnvalda og telur hana mjög mikilvæga í þróun og framförum á sviði barnamenningar.

Verkefnastjórnarnir vilja koma fram með eftirfarandi athugasemdir við neðangreinda liði í tillögunni.

A.1. Samráðsvettvangur um menningu og listsköpun barna og ungmenna

- Mikilvægt er að í samráðsvettvangi sem skipaður verður, verði fulltrúar landshlutasamtaka sem þekkingu hafa á barnamenningu.
- Barnamenningarfulltrúar eða aðilar sem vinna með barnamenningu hjá menningarstofnunum á landsbyggðinni eru einnig verðugir fulltrúar í samráðsvettvanginn.

A.2. Miðstöð barnamenningar

- Í stjórn miðstöðva barnamenningar verði fulltrúar skipaðir sem menntun, þekkingu og eða reynslu hafa af því að vinna að listum og menningu með og fyrir börn.
- Gætt verði að því að fulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga komi utan af landi og hafi þekkingu á barnamenningu líkt og aðrir fulltrúar. Aðilar sem vinna að og með barnamenningu hjá menningarstofnunum á landsbyggðinni eru einnig verðugir fulltrúar í stjórn.

B.1. Barnamenningarverkefnið List fyrir alla

- Mikilvægt er að fjármagn til verkefnisins List fyrir alla verði aukið á árunum 2024 – 2028 til þess að staðið verði við mælikvarða verkefnisins um að „börn og ungmenni fái tækifæri til að upplifa að minnsta kosti tvo listviðburði á ári fyrir tilstilli verkefnisins“.
- Fjármagn úr Byggðaáætlun upp á 5 milljónir er einungis tryggt árin 2023 og 2024. Mikilvægt að tryggja verkefninu áfram fjármagn í gegnum Byggðaáætlun og auka það fjármagn enn frekar.
- Tryggja þarf að fjármagn til Listar fyrir alla verði þannig að hægt sé að bjóða öllum börnum um allt land aðgengi að viðburðunum óháð staðsetningu.

C.1. Markmið og hlutverk Barnamenningarsjóðs Íslands

- Í fimm manna stjórn barnamenningarsjóðs verði fulltrúi af landsbyggðinni t.d. verkefnastjórar menningarmála landshlutasamtaka eða barnamenningarfulltrúar frá menningarstofnunum á landsbyggðinni.
- Mikilvægt er að í reglum um starfsemi sjóðsins sé kveðið á um ofangreint eða það að alltaf sitji þar fólk fyrir utan stór Reykjavíkursvæðið.

Þá má einnig taka það fram að mikilvægt er að „Menningarlæsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs verði veigamikil atriði í uppvexti og skólastarfi allra barna og ungmenna á landinu öllu.“

Virðingarfyllt,

Ari Páll Pálsson og Hildur Halldórsdóttir
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Ástrós Elísdóttir
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Logi Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Signý Ormarsdóttir
Austurbrú

Sigursteinn Sigurðsson
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skúli Gautason
Vestfjarðarstofa

Þórður Freyr Sigurðsson
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga